

Nd.

12. Frumvarp til laga

[12. mál]

um breyting á lögum nr. 111 27. des. 1954, um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Frá 1. jan. 1956 skal greiða verðlagsuppbót á laun opinberra starfsmanna samkvæmt kaupgjaldsvisitölu þeirri, sem um ræðir í 2. gr., að viðbættum 10 stigum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1956, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 46 1955, um breyting á lögum nr. 111 27. des. 1954, um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með samningum vinnuveitenda og stéttarféлага kaupþega síðastliðið vor og sumar var ákveðið, að verðlagsuppbót á kaup skyldi greidd samkvæmt kaupgjaldsvisitölu að viðbættum 10 stigum, án tillits til kaupupphæðar. Og síðastliðið sumar sömdu einnig fastlaunamenn í þjónustu verzlunar- og iðnfyrirtækja í Reykjavík um greiðslu verðlagsuppbótar eftir kaupgjaldsvisitölu að viðbættum 10 stigum, án tillits til launaupphæðar. Nú mun svo komið, að flestir launþegar fá greidda fulla verðlagsuppbót, nema starfsmenn ríkisins og ríkisstofnana og enn fremur starfsmenn sveitarfélaga og sumra opinberra aðila annarra.

Síðasta Alþingi samþykkti lög um, að opinberir starfsmenn skyldu fá greidda fulla verðlagsuppbót á laun allt að 34 560 kr. á ári og 23% verðlagsuppbót á þann hluta grunnlauna, sem er umfram þetta mark. Í sambandi við afgreiðslu þessa máls á þingi var því lýst yfir af hálfu ríkisstjórnarinnar, að hún mundi beita sér fyrir því, að frá ársbyrjun 1956 yrði greidd full verðlagsuppbót á laun opinberra starfsmanna. Síðan hafa, eins og fyrr segir, fastlaunamenn í þjónustu einkafyrirtækja bætt í hóp þeirra launþega, sem fá greidda fulla verðlagsuppbót á laun, og er réttmætt, að opinberir starfsmenn fái verðlagsuppbót eftir sömu reglum og aðrir launþegar.

Með frv. þessu, ef að lögum verður, er bundinn endir á misræmi það, sem verið hefur um greiðslu verðlagsuppbótar nú um sinn, á laun starfsmanna ríkisins og flestra annarra launþega.